

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að farið verði þess á leit við lóðarhafa að fjölga bílastæðum við Dalslaug vegna skorts á bílastæðum við laugina. Ekki er raunhæft að ætla að hægt sé að samnýta bílastæði fyrir laugagesti, skóla og bókasafns sem og íþróttahallar.

Greinargerð

Dalslaug er gríðarvinsæl og fjöldi gesta á íþróttavöllinn er of einnig gríðarmikill. Þarna hafa verið gerð skipulagsmistök sem verður að leiðrétta. Gera það samgöngumat í samstarfi við fulltrúa umhverfis- og skipulagssviðs ef það þarf að vera fyrsta skrefið til að leiðrétta þessi mistök og í kjölfarið að fara í breytingu á deiliskipulagi þar sem fjöldi bílastæða kemur fram í samþykktu deiliskipulagi. Fjölga þarf bílastæðum umtalsvert. Um helgar og þegar viðburðir eru auk þess í íþróttahúsinu ríkir þarna algert kaos. Foreldrar þurfa að leggja inn í hverfi, oft fjarri lauginni og íþróttahúsinu og ganga langan spöl, sumir með stóran barnahóp og tilheyrandi sunddót og annað sem fylgir sundferðum. Nærliggjandi íbúar geta varla heldur verið ánægðir með að sundlauga- og íþróttahúsgestir þurfi að leggja í stæði ætluð íbúum hverfisins.